

Ásland 4 – deiliskipulag í auglýsingu

Ábendingar varðandi skilmála um sorpgeymslu og flokkun

Fyrri samþykktir

Samþykkt frá 2019 um djúpgáma:

11. 1810468 - Skipulag og framkvæmdir, frá sjónarmiði um sjálfbærni

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar tekur undir bókun skipulags- og byggingarráðs þar sem segir m.a.

„Í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, auknar kröfur um minni losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið og aukna umhverfisvitund almennings leggur skipulags- og byggingarráð til að tekin verði upp hvati til húsbyggenda þar sem umhverfið er sett í forgang.“

1. Bæjarstjórn samþykkir að sett verði í [skipulagsskilmála skilyrði um djúpgáma á öllum uppbyggingsvæðum](#). Auk þess verði gert verði ráð fyrir þeim við endurskoðun á skipulagsskilmálum í eldri hverfum.

Skilmálar bæjarins:

Í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hafnarfjarðarkaupstað dags. 8 apríl 2019 segir:

Íbúar Hafnarfjarðar þurfa sjálfir að útvega sér sorpílát og geta keypt þau í Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar. Ílátin eru eign og á ábyrgð íbúa og gerð þeirra skal vera samþykkt af umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær þjónustar [hefðbundin 240 lítra og 660 lítra ílát](#).

Í sumum tilvikum er leyfilegt að vera með djúpgáma og skulu þeir þá uppfylla staðalinn ÍST EN 13071 og skal afla samþykkis umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfirði fyrir gerð og staðsetningu.

Í drögum að deiliskipulagsskilmálum fyrir Ásland 4 segir:

2.8.5 Sorpgeymslur og sorpflokkun

Öll sorpgeymsla á skipulagssvæðinu verður leyst með djúpgámum sem verða staðsettir á sérstökum lóðum í eigu bæjarins sem verða í notkun íbúa, tveggja eða fleiri lóða eftir aðstæðum. Undantekning frá þessari reglu verður að [valkvætt er að hafa „gráu tunnuna“ á einbýlishúsaloðum](#). Uppsetning djúpgáma verður hluti af gatnagerð svæðisins og notkun og skyldur íbúa háð [ákvæðum í lóðarleigusamningum](#). Gera skal grein fyrri djúpgámum og frágangi þeirra í gögnum gatnahönnunar.

Djúpgámar skulu vera á sérstökum lóðum við götu. Fjarlægð frá ystu brún gámsins í fastan hlut, s.s. lampaskerm ljósastaur eða krónu trés, skal vera að lágmarki 2 m upp í 12 m hæð, af öryggisástæðum við tæmingu gámana. Djúpgámar neðanjarðar skulu vera að lágmarki 3 m frá lögnum og 5 m frá spennistöð. Halli á svæðinu þar sem hirðubíll stendur við losun má ekki vera meiri en 1,5% í þverhalla og 5% í langhalla. Til að tryggja umferðaröryggi skal staðsetning gáma vera þannig að kröfur um sjónlengdir séu uppfylltar. Æskilegt er að hirðubíll geti ekið í burtu án þess að bakka. Ekki skal staðsetja gáma þannig að við hirðu sé göngu- og/eða hjólaleið undir krana við losun gáma.

Við hönnun sorpgeymslna skal gera ráð fyrir flokkun sorps í a.m.k. fjóra flokka.

Ábendingar við deiliskipulagstillöguna:

Í lögum um söfnun og flokkun úrgangs kemur fram að söfnun skuli fara fram innan lóðar eða utan lóðar. Skilmálar greinargerðarinnar stangast þannig á við gildandi lög sbr.

Í lögum um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi)

<https://www.althingi.is/altext/stjt/2021.103.html> segir:

10. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Sérstök söfnun og flokkun úrgangs.

Koma skal upp sérstakri söfnun á heimilisúrgangi þar sem það er nauðsynlegt til að uppfylla ákvæði 1. mgr. 11. gr. og koma í veg fyrir að úrgangur blandist öðrum úrgangi eða öðrum efniviði með aðra eiginleika. Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Heimajarðgerð er þó heimil sem og söfnun lífúrgangs með öðrum úrgangi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 4. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 57. gr. Sérstök söfnun á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi skal fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. **Söfnunin skal fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila. Þó er heimilt að hafa sameiginlega söfnun úrgangs fyrir aðliggjandi lóðir að því tilskildu að öll söfnun úrgangs færist af viðkomandi lóðum.** Enn fremur er heimilt að víkja frá ákvæði um söfnun innan lóðar þegar um er að ræða rúmfrekan úrgang, svo sem garðaúrgang, sem safnað er á söfnunar- eða móttökustöð. Sveitarfélögum er heimilt að uppfylla skyldu til sérstakrar söfnunar á gleri, málmum og textíl með söfnun í grenndargáma, að því tilskildu að það fyrirkomulag söfnunar stuðli að því að markmiðum laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim verði náð, sbr. 1. mgr. 8. gr. Sérstök söfnun á spilliefnum skal fara fram í nærumhverfi íbúa. Sveitarfélög skulu útfæra nánara fyrirkomulag sérstakrar söfnunar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að veita undanþágu frá ákvæðum um sérstaka söfnun, sbr. 1. mgr., að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum, ásamt nánari skilyrðum sem ráðherra er heimilt að setja í reglugerð, sbr. 43. gr.:

Skilmálar stangast á reglugerð þar sem segir að söfnun skulu vera inna 25m frá inngangi:

Í byggingarreglugerð segir:

6.12.8. gr. [Sorpgerði og sorpskýli]³⁾

[...]¹⁾

[Sorpgerði og sorpskýli skulu ekki vera fjær inngangi byggingar en sem svarar 25 m.]^{3) 4)} [...]¹⁾

[Gólf í [sorpgerði og sorpskýli]³⁾ skal vera úr efni sem auðvelt er að þrifa og með niðurfalli sé það 6 m² eða stærra.]²⁾

Vegna [sorpgerðis og sorpskýlis]³⁾ skal gert ráð fyrir vatnskrana og slöngu við byggingu, þannig staðsettri að hægt sé að nota slönguna við að þrifa [sorpgerðið eða sorpskýlið].³⁾

Ákvæði 6.2.3. gr. um umferðarbreidd gilda gagnvart sorpgerði og sorpskýli á lóð. Sorpgerði og sorpskýli skulu ekki vera niðurgráfin.

Almennar ábendingar:

Ekki er nógu vel aðgreint hvort er verið að tala um einbýli-, par-, rað- eða fjölbýlishús í texta um sorp í drögum að skilmálum. Fjölbýlishús hljóta að leysa djúpgámagerði innan sinnar lóðar.

- Djúpgámagerði
 - Ekki víst að þetta samræmist lögum um sérsöfnun við húsvegg/inná lóð . Sbr byggingarreglugerð
 - Lendum í vandræðum með þessa lausn þegar inn kemur “þú borgar í samræmi við förgun” þar sem hér eru margir um gámana þannig að þinn ávinningur er háður nágrönnum.
- Djúpgámagerði eign og ábyrgð
 - Það er alveg ljóst að það verði til vandræða að bærinn eigi og reki gerðin. Þá munu íbúar ganga verr um þau, flokka verr og hafa minni hag og tengingu við góða umgengni og flokkun
 - Hér í bænum eiga allir íbúar sín ílát og því óeðlilegt að bærinn myndi eiga og reka fyrir hluta íbúa. Íbúar kaupa ílátin og því enn óeðlilegra að bærinn keypti fyrir hluta íbúa. Eins eiga íbúar þá djúpgáma sem nú þegar eru í bænum.
 - Mikilvægt að djúpgámar verði eign íbúanna til að gæta samræmis ef ekki þarf að leggja á þessar lóðir sérstakt þjónustugjald vegan rekstrar og viðhalds gerðisins.
- Tillaga um sér grátunnu samhliða djúpgámum við einbýli
 - Þetta er alls ekki góð tillaga, þarna er verið að fara millileið sem er verri en annar hvor kosturinn. Annað hvort er djúpgámagerði (eign íbúa helst) eða hefðbundar tunnur við hús. Að blanda þessum leiðum er auka kostnaður (tveir bílar þurfa að koma til losunar), óumhverfisvænt, ekki líklegt til að styðja flokkun og ekki jafnræði meðal íbúa.
 - Stangast á við lögin hér ofar
- Rýmdin
 - Djúpgámar rúma miklu meira og þá ef það er ekki réttur fjöldi bakvið hvern gám er missamræmi í þjónustu hjá okkur. Við erum að rukka íbúa fyrir meiri ílát/þjónustu en þarna gætu þau verið að fá miklu meiri rýmd án þess að borga..
 - Það styður ekki við markmiðin um að láta alla flokka sem mest og hafa jafnræði meðal íbúa
- Lóð undir djúpgáma
 - Mikilvægt ef kemur til þess að djúpgámar verði við einbýli-, par- og raðhús að skýrt komi fram að lóðin verði sameign íbúanna og þá úthlutað sem slíkri.
 - Mikilvægt að komi fram ef af verður að djúpgámar fjölbýlishúsa séu alfarið leystir og framkvæmdir innan lóðar og eign þeirra

Texta um kröfur til staðsetningar gáma þarf að uppfæra (undirstrikaðar eru viðbætur).

Djúpgámar skulu vera á sérstökum lóðum við götu (taka þarf fram að þetta á ekki við fjölbýli).

Fjarlægð frá ystu brún gámsins í fastan hlut, s.s. götugögn, upphækkun, lampaskerm ljósastaur eða krónu trés, skal vera að lágmarki 2 m upp í 12 m hæð, af öryggisástæðum við tæmingu gámana. Hífinarlykkjur gáma skulu vera staðsettar að lágmarki 3 m frá miðju hirðubíls og að hámarki 5 m. Fjarlægð gáms frá hirðubíl hefur áhrif á mögulega stærð hans þar sem lyftigeta krana takmarkar maqñ úrqanqs sem gámur má taka. Upplýsingar um hámarksstærðir gáma er að finna í kaflanum um val á úrqanqsílátum. Sé hirðubíll staðsettur með kranafót við miðju djúpgámasettsins nær kraninn til hífinarlykkja í öllu settinu sé ekki lengra en 8 m milli ystu lykkja. Djúpgámar neðanjarðar skulu vera að lágmarki 3 m frá lögnum og 5 m frá spennistöð. Halli á svæðinu þar sem hirðubíll stendur við

losun má ekki vera meiri en 1,5% í þverhalla og 5% í langhalla. Til að tryggja umferðaröryggi skal staðsetning gáma vera þannig að kröfur um sjónlengdir séu uppfylltar. Staðsetning gáma má ekki vera nær horni gatna en svo að við losun sé ökutæki meira en 20 m frá gatnamótum sé hirðubíll stopp í akrein 30 km götu. Æskilegt er að hirðubíll geti ekið í burtu án þess að bakka. Ekki skal staðsetja gáma þannig að við hirðu sé göngu- og/eða hjólaleið undir krana við losun gáma.

- Bent er á að ekki er uppfyllt í skipulaginu hvernig bílinn geti snúið við.

Tillaga:

Lagt er til að sorphirða verði með hefðbundnum hætti í einbýlishúsum, parhúsum og og raðhúsum. Fjölbýlishús leysi sorpgeymslur með djúpgámum innan lóðar sinnar.

Framkvæmda og rekstrardeild/HS

Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar